

**Ed.**

**627. Frumvarp til laga**

**[181. mál]**

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

**1. gr.**

Á eftir 8. tölul. í 1. gr. laganna koma tveir nýir tölul., svo hljóðandi:

- a. Að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 5300 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakaup-  
túns.
- b. Að virkja Haukadalsá í Dalasýslu í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa fimm syðstu hreppum Dalasýslu.

**2. gr.**

- a. Í stað orðanna „74 millj. kr.“ í fyrri málslið 2. gr. laganna komi: 96 millj. kr.
- b. Í stað orðanna „25 millj. kr.“ í síðari málslið sömu lagagr. komi: 32 millj. kr.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.